

75. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 21. mars 2013, kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Indriði Þórsoddsson, Steinunn Leósdóttir, Ævar Rafn Marinósson, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Gunnólfur Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki. Sveitarstjóri óskar eftir að fá að setja sem lið 14. Samkomulag um ábúð og leigu á Hallgilsstöðum. Samþykkt samhljóða.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerð sveitarstjórnar nr.74

Lögð fram til kynningar

2. Fundargerð Nausts.

Fundargerð Nausts dags. 5.mars. 2013 lögð fram til kynningar

3. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga nr. 804

Lögð fram til kynningar

4. Aukafundur Eypings.

Lögð fram til kynningar

5. Sóknaráætlun fyrir Norðurland eystra 2013

Lögð fram til kynningar.

6. Skýrsla sveitarstjóra.

- Sveitarstjóri kynnti að hann hefði sótt Landsþing sambands íslenskra sveitarfélaga þann 15. mars sl.
- Sveitarstjóri sótti aðalfund Lánasjóðs sveitarfélaga þann 15. mars sl.
- Sveitarstjóri fór ásamt sveitarstjóra Vopnafjarðar og hitti Innanríkisráðherra Ögmund Jónasson vegna framtíðar innanlandsflugsins. Farið yfir mikilvægi innanlandsflugsins. Með þessari heimsókn var fylgt eftir ályktun sveitarstjórnar Langanesbyggðar frá síðasta sveitarstjórnarfundi.
- Hafinn er vinna við íbúðaping. Búið er að hafa samband við atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og óskað eftir samvinnu í þeim efnum. Þetta verður tekið fyrir á vinnufundi hjá eftir helgi.
- Sveitarstjórn leggur til að sent verði bréf og óskað eftir því að tryggður verði 500 tonna kvóti fast á Bakkafirði til næstu 15 ára. Sveitarstjóra, oddvita og skrifstofustjóra falið að semja erindi og senda á ráðuneytið og þingmenn kjördæmisins.
- Búið er að halda fund með Orra Árnasyni frá Zepplin arkitektum. Verið er að afla upplýsinga vegna áframhaldandi vinnu og er hann búinn að vera í sambandi við sveitarstjóra vegna þessa.
- Lagt til að næsti sveitarstjórnarfundur verði haldinn 11. apríl sem er annar fimmtudagurinn í apríl.
- Sveitarstjóri kom inn á þá alvarlegu stöðu sem löggæslan í umdæmi sýslumannsins á Húsavík er í .
Sveitarstjórn tekur undir orð sýslumannsins á Húsavík þegar hann segir „að löggæsla í umdæminu sé undir öryggismörkum. Þá hafi hann miklar áhyggjur af þeim

lögreglumönnum sem þurfi að vera einir á vakt. Viðbragðstími lögreglunnar geti orðið mjög langur. Á forgangsakstri frá Húsavík við þær aðstæður, þar sem lögreglumaður á Þórshöfn sé ekki á vakt og ekki tiltækur á bakvakt, sé útkallstími hartnær tveir tímar. Það séu þó ekki mörk umdæmisins því hann geti þurft að fara til Bakkafjarðar og þá séu þetta tveir og hálfur tími. „

- Eyrarvegur 8. Nokkur umræða um framtíð húsins.
- Gamla Hafralónsárbrúin. Nokkur umræða var um þessa gömlu brú en hún er illa farin og varasöm. Sveitarstjórn sammála um að senda erindi á Vegagerðina og óska eftir því að brúin verði gerð upp. Sveitarstjóra falið að senda erindið.
- Spurt út í hitann á sundlauginni og það rætt. Sundlaugin hefur verið of köld fyrir ungbarnasundið og eldri borgarasundið að undanfögnu.
- Rætt um nýja möguleika á förgun á slógi. Sveitarstjóra falið að vinna í málinu og koma með upplýsingar um það á næsta sveitarstjórnarfund.

7. Breyting á rekstrarleyfi.

Sóley Vífilisdóttir sækir um fyrir hönd Bárunnar –bar/restaurant ehf. kt.480313-0970 um breytingu á rekstrarleyfi til sölu veitinga að Eyravegi 3.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða breytinguna.

Jafnframt óskar sveitarstjórn Sóleyju innilega til hamingju með nýja fyrirtækið.

8. Bréf frá Umhverfis-og auðlindaráðuneytinu.

Í ljósriti af bréfi dags. 1.mars 2013 er ráðuneytið að hafna beiðni um að fresta afgreiðslu á aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027. Lagt fram til kynningar.

9. Bréf frá Innanríkisráðuneytinu.

Í ljósriti af bréfi dags. 14. mars 2013 telur ráðuneytið ekki ástæðu til að bregðast við erindi kæranda. Lagt fram til kynningar.

10. Bréf frá Úrskurðanefnd umhverfis-og auðlindamála.

Í bréfi dags. 25. febrúar 2013 er afrit af kæru þar sem ákvörðun Skipulagssstofnunar að urðunarstaðurinn við Bakkafjörð skuli ekki háður umhverfismati. Skipulagsfulltrúa og sveitarstjóra falið að svara þeim atriðum sem snúa að sveitarfélaginu.

11. Bréf frá Úrskurðanefnd umhverfis-og auðlindamála.

Í bréfi dags. 5. mars 2013 er afrit af kæru þar sem ákvörðun Skipulagssstofnunar að urðunarstaðurinn við Bakkafjörð skuli ekki háður umhverfismati. Skipulagsfulltrúa og sveitarstjóra falið að svara þeim atriðum sem snúa að sveitarfélaginu.

12. Lánaútreikningur vegna hafnaframkvæmda.

Fyrir fundinum liggja fyrir lánaútreikningar frá Lánasjóði sveitarfélaga en sveitarfélagainu býðst lán frá 2,65%-3,35% vöxtum komi til lánatöku vegna hafnaframkvæmdanna.

Lagt fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða dýpkun í höfninni á Þórshöfn miðað við ofangreindar forsendur á lántöku.

13. Samrekstur.

Uppgjör að samrekstri kr. 16.379.173 við Svalbarðshrepp fyrir árið 2012. Er uppgjörið samsvarandi og árið 2011 að undanskildu því að nú er framhaldsskóla deildin kominn inn. Sveitarstjórn samþykkir uppgjörið samhljóða.

14. Hallgilsstaðir

Fyrir fundinn liggja drög af samkomulagi um ábúð/leigu á Hallgilsstöðum til 10 ára undirritað af sveitarstjóra og tilvonandi leigjendum.

Drögin samþykkt af sveitarstjórn með fyrirvara um breytingu á 9 lið varðandi fyrirkomulag á viðhaldsáætlun og leigugreiðslum eftir 3 ár.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl 20:10